

L Ö G

11

5. maí

um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 10 milljón króna innanríkislán.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka 10 milljón króna innanríkislán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

12

5. maí

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip og flugför skuli á leið frá útlöndum, eða áður en lagt er af stað til útlanda, koma, nema tilneydd séu, á tilteknar hafnir eða flugvelli til þess að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, allt að kr. 100000.00.

2. gr.

3. gr. laga nr. 59 30. des. 1939 er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Jakob Möller.